



TILLAGA

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Tillaga að breytingum á reglum skóla- og frístundasviðs um þjónustu félagsmiðstöðva

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á reglum skóla- og frístundasviðs um þjónustu félagsmiðstöðva Reykjavíkurborgar:

Núgildandi **2. mgr. 1.b.** er svohljóðandi:

Yfir vetrarmánuðina eru félagsmiðstöðvar opnar eftir að skóladegi lýkur og er opnunartími að lágmarki 12 klst. á viku fyrir 13-16 ára börn en tvisvar í viku fyrir 10-12 ára börn. Lokað er vegna starfsdaga þrisvar á ári. Félagsmiðstöðvar eru lokaðar í vetrarfríum grunnskóla og bjóða þá frístundamiðstöðvar upp á dagskrá fyrir alla fjölskylduna. Félagsmiðstöðvar eru opnar á frídögum grunnskóla, í jólafríi, páskafríi og á starfsdögum grunnskóla.

Lagt er til að orðalag **2. mgr. 1.b.** verði svohljóðandi:

Yfir vetrarmánuðina eru félagsmiðstöðvar opnar eftir að skóladegi lýkur og er opnunartími að lágmarki 11,5 klst. á viku fyrir 13-16 ára börn en tvisvar í viku fyrir 10-12 ára börn. Lokað er vegna starfsdaga þrisvar á ári. Félagsmiðstöðvar eru lokaðar í vetrarfríum grunnskóla og bjóða þá frístundamiðstöðvar upp á dagskrá fyrir alla fjölskylduna. Félagsmiðstöðvar eru opnar á frídögum grunnskóla, í jólafríi, páskafríi og á starfsdögum grunnskóla.

Breytingar á reglum taka gildi við samþykkt borgarráðs.

Greinargerð:

Hér er lagt til að gerðar verði breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um þjónustu félagsmiðstöðva.

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 12. júní 2023 var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa í ungmenningaráði Árbæjar og Holta:

Lagt er til að borgarstjórn hætti við að stytta opnunartíma í félagsmiðstöðvum og sé í samskiptum við ungmenningaráð borgarinnar áður en teknar eru ákvarðanir um frístundastarf unglinga.

Greinargerð fylgdi tillögunni.



Á sama fundi skóla- og frístundaráðs og á fundi borgarráðs þann 22. júní 2023 var lögð fram og samþykkt svohljóðandi breytingartillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins og Pírata um opnunartíma félagsmiðstöðva:

Lagt er til að opnunartími félagsmiðstöðva verði stytur um 15 mínútur á mánudögum og miðvikudögum en opnunartími verði ekki stytur á föstudögum. Félagsmiðstöðvar hagræði sem samsvarar því fjármagni að hafa opið í 15 mínútur með öðrum leiðum.

Vegna framangreinds er lagt til að gerð verði breyting á reglum um þjónustu félagsmiðstöðva með þeim hætti að fram komi að yfir vetrarmánuðina sé opnunartími félagsmiðstöðva að lágmarki 11,5 klst. á viku í stað 12.

Kostnaðarmat:

Ekki er gert ráð fyrir kostnaðarauka vegna breytinganna.

Búið er að hagræða innan fjárhagsramma félagsmiðstöðva sem nemur 11,2 m. á ársgrundvelli vegna þessara breytinga